

804. fundur

Árið 2024, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 11. september, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Björn G. Sæbjörnsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Magnúsdóttir, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sverrir Auðunsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- Fjárhagsáætlun SSS -2025.*
Stjórn S.S.S. samþykkir fjárhagsáætlun 2025 og felur framkvæmastjóra að senda hana áfram til aðildarsveitarfélaga.
- Aðalfundur S.S.S. 2024.*
Framkvæmdastjóra falið að uppfæra dagskrá í samræmi við umræður stjórnar.
- Drög að endurnýjun samnings um Sóknaráætlun Suðurnesja.*
Lagt fram til kynningar.
- Drög að viðaukasamningi um Sóknaráætlun Suðurnesja vegna farsældar barna.*
Stjórn S.S.S. samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur framkvæmdastjóra að auglýsa starfið.
- Minnisblað verkefnastjóra menningarmála.*
Lagt fram til kynningar.
- Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 05.09.2024, vegna starfshóps sem vinnur tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningsamgangna á Íslandi.*
Innviðaráðherra óskaði eftir tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningsamgangna á Íslandi. Starfshópurinn skal skila tillögum fyrir 13. nóvember 2024 en skipað er til og með 30. nóvember 2024.



Starfshópurinn starfar á grunni þeirrar vinnu sem fulltrúar starfshópsins um sama efni, skipaður 21. september, hefur þegar unnið. Óskað er eftir því að sömu fulltrúar yrðu tilnefndir að nýju, ef mögulegt er.

Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þær Berglindi Kristinsdóttur framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.

7. Önnur mál.

Undirritun ársreiknings Markaðsstofu Reykjaness 2023.

Kristján Ragnarsson endurskoðandi Deloitte fór yfir ársreikninginn. Helstu niðurstöður hans eru

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur	2023	2022
Rekstrartekjur félagsins námu.....	51.454.551	38.130.000
Hagnaður (tap) félagsins nam.....	(1.390.151)	406.206
Fjöldi ársverka nam.....	3	3
	31.12.2023	31.12.2022
Eignir félagsins námu.....	20.441.592	17.731.416
Bókfært eigið fé nam.....	2.517.845	3.907.996
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	12,3%	22,0%

Stjórn staðfestir ársreikning Markaðsstofu Reykjaness með undirritun sinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:15.

Björn G. Sæbjörnsson

Jónína Magnúsdóttir

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Sverrir Auðunsson

Berglind Kristinsdóttir